



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni tillögu:** *Breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum*

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, sem samþykktar voru í borgarráði 12. nóvember 2020 með síðari breytingum: Að umsóknarfrestur verði framlengdur til 31. júlí 2021, að ekkert lágmarkstímabil iðkunar verði tilgreint í reglunum þannig að leikjanámskeið, sumarnámskeið og sumarþúðir falli undir skilyrði styrksins og að keppnis- og mótsgjöld falli einnig undir styrkinn. Breytingar eru gerðar á 1. – 4. gr. og 10. gr. í samræmi við ofangreint. Kostnaður er að fullu fjármagnaður með framlagi ríkisins.

**Greinargerð:**

Í maí 2020 samþykktu stjórnvöld frumvarp til fjárukalaga sem m.a. fól í sér að verja 600 m.kr. í styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn gætu óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Sett var í hendur sveitarfélaga að útfæra umsókn um styrkinn á grundvelli leiðbeininga frá félagsmálaráðuneytinu. Reglur velferðarsviðs um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum voru samþykktar á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020. Umsóknarfrestur var upphaflega til 28. febrúar en var framlengdur til 15. apríl sl. skv. tilmælum stýrihópus um þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu tómstundastarfi, sem skipaður er fulltrúum ÍSÍ, ÍF, UMFÍ, Sambands íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis (stýrihópur) og var reglum þessum breytt til samræmis, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 14. febrúar og borgarráðs 4. mars sl.

Þann 16. apríl sl. tilkynnti stýrihópurinn sveitarfélögunum að hann hefði tekið þá ákvörðun að framlengja umsóknarfrest fyrir íþrótt- og tómstundastyrki til 31. júlí 2021. Samhliða sendi félagsmálaráðuneytið frá sér uppfærðar leiðbeiningar um nýtingu styrksins. Í tilkynningu

stýrihópsins kom fram að nýting styrksins yfir vetrartímann hefði ekki verið í takt við vonir stýrihópsins. Aðstæður í Þjóðfélaginu gætu hafa spilað þar inn í þar sem heimsfaraldur COVID-19 geysaði og í kjölfar sóttvarnareglna stjórnvalda var sett bann við íþróttá- og tómsundariðkun í tvígang á skólaárinu 2020-2021. Því hafi verið ákveðið að framlengja umsóknarfrestinn og vonir bundnar við að börn efnaminni heimila gætu fengið að njóta styttri námskeiða í sumar. Ráðuneytið lagði áherslu á að komið yrði til móts við eftirfarandi atriði í reglum sveitarfélaganna:

- Umsóknarfrestur verði framlengdur til 31. júlí 2021
- Ekkert lágmarkstímabil iðkunar (með það að markmiði að t.d. leikjanámskeið og sumarbúðir falli undir skilyrðið)
- Hægt verði að nýta styrkinn til að greiða keppnisgjald/mótsgjald

Félagsmálaráðuneytið greindi jafnframt frá því að það myndi útbúa auglýsingar í samræmi við ofangreint sem dreift yrði á samfélagsmiðlum.

Í dag hafa 1655 börn í Reykjavík í 1180 fjölskyldum fengið styrk fyrir íþróttá- og tómsundastarfi en 4774 börn eiga rétt til styrksins. Aðgerðahópur með verkefnisstjóra, sem settur var á fót í mars til að auglýsa betur styrkinn, er enn að störfum og mun starfa áfram til loka umsóknarfrests.

*Fylgiskjöl:*

1. Reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþróttá- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, samþykktar á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020, með rekjanlegum breytingum í takti við ofangreinda tillögu um breytingar á reglunum.
2. Leiðbeiningar félagsmálaráðuneytis, dags. 13. apríl 2021, fyrir sveitarfélög um sérstaka íþróttá- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum 2020-2021